



Hafnarfjarðarbær	
Innk:	2010'12
Málsnr:	1008206
Bréfal:	220
Hafnarfjarðarbær	

Fræðsluráð Hafnarfjarðar  
Ráðhús Hafnarfjarðar  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði

Hafnarfjörður 13. Nóvember 2012

Efni: Beiðni um viðræður varðandi heimild til fjölgunar barna í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði.

Haustið 2012 var nýbygging Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði tekin í notkun. Í nýja húsnæðinu er mun meira rými í skólanum, betri aðstaða og aðbúnaður en verið hefur eftir uppbyggingu síðastliðið ár.


Í dag hefur Barnaskóli Hjallastefnunnar heimild frá sveitafélaginu til þess að vera með 92 nemendum í skólanum. Barnaskóli Hjallastefnunnar óskar eftir viðræðum varðandi leyfi sveitarfélagsins til þess að fjölga megi í árgöngum skólans. Síðastliðið ár hefur börnum verið sýnað um skólavist í skólann vegna takmarkana á leyfðum fjölda við skólann.

Haustið 2012 bárust 35 umsóknir um skólavist og þar af voru 25 umsóknir fimm ára barna frá leikskólanum Hjalla.

Í dag stunda 94 börn nám við Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði. 23 börn munu úskrifast frá skólanum næsta vor. Fimm ára leikskólaárgangurinn á leikskólanum Hjalla samstendur af 40 börnum. Með tilliti til þess að taka inn nýjan hóp 6 ára barna og bjóða upp á áframhaldandi skólavist fyrir þau börn sem þegar eru í skólanum er heimild fyrir 92 börnum ekki nægjanleg.

Ef gengið er út frá aðsókn í skólann á nýliðnu hausti og eftirspurn eftir skólavist liggur fyrir að við verðum tilneydd til að hafna ákveðnum fjölda barna. Í ljósi þess óskum við eftir heimild til að fjölga börnum við Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði.

Virðingarfyllst,



Hildur Sæbjörg Jónsdóttir

Skólastýra Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði



Árný Steindóra Steindórsdóttir

Leikskólaskólastjóri á Hjalla